

Handbók um innheimtuþjónustu

1.7.2025





Efnisyfirlit

1.	Innheimtukröfur	3
1.2	Beingreiðslur	3
1.3	Valgreiðslukröfur	3
2.	Skráning og notkun	4
2.1	Skráningarferli	4
2.2	Þjónusta	4
2.2.1	Vefþjónustur	4
2.2.2	Netbanki	4
2.2.3	Appið	5
2.3	Færslulýsingar fyrir magnsendingar	5
2.3.1	Hausfærsla útg. 1.40	5
2.3.2	Gagnastrengur útg. 1.40	6
2.3.3	Lokafærsla útg. 1.40	7
2.3.4	Endursendir strengir	8
2.3.5	Greiðslur	10
2.3.6	Ógreiddar kröfur IK 1.40 - færslulýsing	12
3.	Hugtakalisti	14



1. Innheimtukröfur

Innheimtukröfur í netbanka Íslandsbanka halda utan um um kröfur fyrirtækja, félagasamtaka, húsfélaga og einstaklinga sem eru í eigin rekstri. Þar sem Reiknistofa bankanna (RB) heldur utan um allar kröfur í svokölluðum kröfupotti, þá birtast innheimtukröfur hjá öllum bönkum og sparisjóðum í netbanka og appi sem stofnaðar eru í Íslandsbanka. Fylgst er með sögu krafanna frá stofnun þeirra og verður til söguskrá krafna eftir það þar sem yfirsýn um stofnun, breytingar, niðurfellingar og greiðslusögu er haldið til haga.

1.2 Beingreiðslur

Beingreiðslur eru hluti af innheimtupjónustu Íslandsbanka. Textalykil er hægt að skrá hjá kröfuhafanum og skráist hann hjá Reiknistofu bankanna, RB. Kröfusnið kröfunnar segir svo til um hvaða textalykli/gjaldi krafan tengist.

Við stofnun innheimtukrafna hjá Íslandsbanka er athugað hvort beingreiðslubeiðni sé til á milli kröfuhafa og greiðenda. Beingreiðslubeiðnin tengist ef kröfubanki, í þessu tilviki Íslandsbanki, kennitala kröfuhafa, kennitala greiðanda, textalykill og viðskiptanúmer er það sama á kröfunni og beingreiðslubeiðninni. Sá banki sem krafan er skráð í beingreiðslu, sér svo um að greiða kröfuna.

Þegar krafa er stofnuð í beingreiðslu, þá reynir viðkomandi banki að að greiða kröfuna þremur dögum fyrir eindaga. Gjaldalagi og eindagi geta verið sami dagurinn. Það er einungis til viðmiðunar hvenær bankinn greiðir beingreiðsluna og er breytilegt á milli banka.

Beingreiðslubeiðnir eru annars vegar skráðar í bönkum og sparisjóðum að beiðni greiðenda eða af greiðandanum sjálfum í netbanka hans eða í appi.

Viðskiptanúmer er einkvæmt númer greiðanda hjá kröfuhafa. Ef fyrirtæki notar ekki viðskiptanúmer á beingreiðslukröfur þá er kennitala greiðanda notuð sem viðskiptanúmer.

Í flestu tilfellum er kennitala greiðanda notuð sem viðskiptanúmer, en kröfuhafi getur sjálfur ákveðið hvað hann notar og þarf þá að skrá sama viðskiptanúmer á beingreiðslubeiðnina. Hægt er að skrá uppbyggingu viðskiptanúmers á kröfuhafann svo hægt sé að gera villutékk við stofnun kröfu. Það minnkar líkur á því að krafan greiðist ekki. Sjá nánar “uppbygging viðskiptanúmers” í hugtakalista.

1.3 Valgreiðslukröfur

Ef kröfuhafar stofna kröfur á kröfuskra sem hafa ekki reikninga á bakvið sig, eins og til dæmis félagasamtök með styrktarbeiðnir, getur kröfuhafi stofnað valgreiðslukröfur. Valgreiðslukröfur eru þess eðlis að greiðandi hefur val um hvort hann vilji greiða þær, ef hann vill það ekki, getur hann fellt þær sjálfur niður í sínum netbanka. Við útlistun á ógreiddum kröfum greiðanda, birtast valgreiðslukröfur í sér lista.

Valgreiðslukröfur geta ekki borið dráttarvexti eða annan kostnað sem fellur á greiðanda.



2. Skráning og notkun

Í þessum kafla koma fram þær aðgerðir sem þurfa að eiga sér stað áður en byrjað er að nota kerfið.

2.1 Skráningarferli

Til þess að geta skráð innheimtukröfur þarf kröfuhafi að skrifa undir skilmála um innheimtupjónustu hjá Íslandsbanka. Er það gert hjá Fyrirtækjapjónustu Íslandsbanka eða í ferlinu þegar nýr viðskiptavinur kemur í viðskipti. Við skráningu á nýjum kröfuhafa í Innheimtupjónustu Íslandsbanka skráist færsla á kröfuhafaskrá RB. Þar sem innheimtukröfukerfi RB er beinlínukerfi, fær kröfuhafi að öllu jafna greiðslum ráðstafað inn á reikning sinn þegar þær berast. Greiðslur sjást á yfirliti ráðstöfunarreiknings þegar kröfur eru greiddar.

Kröfusniðið segir til um inn á hvaða reikning á að ráðstafa greiðslunni, hvort það sé eitthvað ítrekunarferli eða milliinnheimtuferli, og hvort um gjaldeyriskröfur er að ræða sem eiga að leggjast inn á gjaldeyrisreikninga. Aukagjöld, svo sem seðilgjald, munu ráðstafast inná ISK reikning.

2.2 Þjónusta

Innheimtukröfur er hægt að vinna með í gegnum netbanka, app og á móti vefþjónustum Íslandsbanka. Hérna fyrir neðan eru lýsingar á því hvernig gögnin eiga að líta út sem koma frá vefþjónustunum. Til að fá nánari upplýsingar um vefþjónustur Íslandsbanka skal senda fyrirspurn á netfangið vefthjonustur@islandsbanki.is eða hafa samband með því að fylla út formið á vefnum <https://www.islandsbanki.is/is/grein/hafa-samband-form-fyrirtaeki?formid=06>

2.2.1 Vefþjónustur

Vefþjónustur gera viðskiptavinum það mögulegt að beintengja bókhaldskerfi sín við kerfi bankans á öruggan og skilvirkan hátt. Í gegnum vefþjónusturnar er hægt að vinna með innheimtukerfið, greiða reikninga, sækja reikningsyfirlit og fleira.

Helstu kostir þess að nota vefþjónusturnar er að hægt er að framkvæma aðgerðir beint innan úr bókhaldskerfinu og því ekki nauðsynlegt að skrá sig inn í netbankann til að framkvæma aðgerðir, eins og t.d. þegar sækja á reikningsyfirlit. Með þessu er því hægt að tryggja að bókhaldskerfi viðskiptavina innihaldi alltaf nýjar og réttar upplýsingar um stöður þeirra hjá bankanum.

2.2.2 Netbanki

Í netbanka Íslandsbanka er hægt að vinna með innheimtukröfur, stofna einstaka kröfu og senda inn skrár með kröfum, fletta upp kröfum eftir ýmsum leitarskilyrðum, fletta upp greiðslum og fleira.

Fyrir nánari upplýsingar um þá þjónustu sem netbankinn býður upp á er kröfuhafa bent á hafa samband við Fyrirtækjapjónustu Íslandsbanka.



2.2.3 Appið

Í appinu geta viðskiptavinir með aðgang að fyrirtækjabanka, stofnað, breytt og eytt kröfum, ásamt því að hægt er að hægt er að nálgast yfirlit yfir bæði greiddar og ógreiddar kröfur.

2.3 Færslulýsingar fyrir magnsendingar

Hægt er að senda gögn í bunkum til Íslandsbanka. Þetta er gert annaðhvort í gegnum fyrirtækjabanka eða skipana línu. Skrárnar innihalda hausfærslu fremst, síðan koma gögnin og að síðustu lokalína. Hægt er að senda stofnun, breytingu og niðurfellingu á kröfu í magnsendingum.

Gögnin geta verið með mismunandi færslulýsingar eftir útgáfunúmeri gagnastrengs. Í töflunum hér fyrir aftan eru færslulýsingar af gagnastrengjum sem notaðir eru við magnsendingar. Upplýsingar í dálkum fyrir aftan 'Heiti' sýna hvort nauðsynlegt er að fylla svæðið út eða ekki.

Eftirfarandi tákn geta verið í þessum dálkum:

- S: skal vera
- S*: skal vera, en ekki hægt að breyta
- M: má vera, en athuga skal að ef verið er að senda breytingarfærslu þá eru þau svæði sem ekki á að breyta útfyllt með óbreyttum upplýsingum en breyting sett í svæði sem á að breyta.
- autt: má vera autt

Nánari lýsing á gögnum er að finna í kaflanum 'Hugtakalisti'.

2.3.1 Hausfærsla útg. 1.40

Heiti	H a u s	Lengd	Staður	Lýsing
Kt_kröfuhafa	S	10	1-10	Kennitala kröfuhafa (fyrirtækis)
Utgafa/	S	4	11-14	0140
Færslugerd	S	1	15	H
Keyrsludagur	S	8	16-23	Dagsetning keyrsludags á forminu öðráámmdd
Verkefni	S	2	24-25	IK
Autt		8	26-33	
Gjaldkeranúmer	S	4	34-37	IB01
Autt		7	38-43	
Iban	S	4	45-48	Sendingabanki kröfu
Skjar	S	8	49-56	Fyrstu 8 stafirnir í nafni kröfuhafa
Autt		50	57-106	



2.3.2 Gagnastrengur útg. 1.40

Heiti	S t o f n u n	B r e y t n	N i ð u r f n	Leng d	Staður	Lýsing
Kt_kröfuhafa	S	S	S	10	1-10	Kennitala kröfuhafa (fyrirtækis)
Utgafa/				4	11-14	0140
Færslugerd	S	S	S	1	15	Segir til um eðli færslunnar, sjá hugtakalista
Gjalddagi	S	S	S	8	16-23	Gjalddagi kröfu á forminu öðráámmdd
Niðurfellingardagur	S	M		8	24-31	Dagsetning niðurfellingar á forminu öðráámmdd
Kröfusnið	S	M		3	32-34	Segir til um hvaða ráðstöfunarreikning kröfuhafa kerfið á að nota
Kt_greiðanda	S	S *		10	35-44	Kennitala greiðanda
Bankanr	S	S	S	4	45-48	Bankanúmer kröfu
Hofudbok	S	S	S	2	49-50	Höfuðbók kröfu = 66
Númer	S	S	S	6	51-56	Númer kröfu
Upphaed	S	S		11	57-67	Upphæð kröfu í aurum
Tilvisun	S	S		16	68-83	Tilvisun ákveðin af kröfueiganda
Sedilnúmer	M	M		7	84-90	Geymir upplýsingar frá kröfuhafa.
Viðskiptanúmer	M	M		16	91-106	Viðskiptanúmer greiðanda. Einkvæmur lykill á greiðanda kröfunnar hjá kröfuhafa
Eindagi	S	M		8	107-114	Eindagi kröfu á forminu öðráámmdd
Tilkynningar- og greiðslugjald1	M	M		11	115-125	Gjald fyrir útreikning og útskrift greiðsluseðils ásamt sendingu hans til greiðanda
Tilkynningar- og greiðslugjald2	M	M		11	126-136	Gjald fyrir pappírslausa kröfu
Fyrri vanskilagjald	M	M		11	137-147	Viðbótargjald vegna vanskila tekið af kröfum þegar vanskil hafa náð tilteknum aldri
Seinna vanskilagjald	M	M		11	148-158	Viðbótargjald vegna vanskila tekið af kröfum þegar vanskil hafa náð tilteknum aldri
Dagafjöldi fyrri vanskilagjalds	M	M		2	159-160	Segir til um hvenær taka á fyrri vanskilagjald
Dagafjöldi seinna vanskilagjalds	M	M		2	161-162	Segir til um hvenær taka á seinna vanskilagjald
Vanskilagjaldskódi	M	M		1	163	Segir til um hvernig reikna á vanskilagjald
Annar kostnaður	M	M		11	164-174	Fyrir sérákvörðuð gjöld sem greidd eru af greiðanda kröfu
Annar vanskilakostnaður	M	M		11	175-185	Fyrir sérákvörðuð gjöld, t.d. milliinnheimtugjald



Dráttarvaxtaþrósent	M	M		7	186-192	Sett inn með stofnfærslu og geymist á stofni kröfu. Sjó stafir þar af 4 aukastafir.
Dráttarvaxtaregla	M	M		1	193	Segir til um hvort reikna á dráttarvexti
Dráttarvaxtaþrósent	M	M		1	194	Segir til um af hvaða upphæð reikna á dráttarvexti
Gengistegund	M	M		1	195	Segir til um hvaða gengi á að nota
Mynt	M	M		3	196-198	Mynt IK gengiskröfu
Gengisbanki	M	M		2	199-200	Fyrstu tveir stafirnir í gengisbanka
Gengiskódi	M	M		1	201	Segir til um hvaða dagsgengi á að miða við þegar greiðsla á IK gengiskröfu er reiknuð út
Autt						
Greiðslukódi	M	M		1	203	Má greiða IK kröfur sem á eldri gjalddaga
Fyrri afsláttur	M	M		11	204-214	Fyrri afsláttur af greiðslu
Seinni afsláttur	M	M		11	215-225	Seinni afsláttur af greiðslu
Dagafjöldi fyrri afsláttar	M	M		2	226-227	Segir til um hvenær fyrri afsláttur er veittur
Dagafjöldi seinni afsláttar	M	M		2	228-229	Segir til um hvenær seinni afsláttur er veittur
Afsláttarkódi	M	M		1	230	Segir til um hvernig reikna á afslátt
Innborgunarkódi	M	M		1	231	Segir til um hvort greiða megi inn á kröfu
Birtingarkódi	M	M		1	232	Segir til í hvaða Birtingarkerfi krafa er
URL	M	M		200	233-432	Vefslóð kröfunnar

2.3.3 Lokafærsla útg. 1.40

Heiti	L o k a	Lengd	Staður	Lýsing
Kt_kröfuhafa	S	10	1-10	Kennitala kröfuhafa (fyrirtækis)
autt		4	11-14	
Færslugerd	S	1	15	L
autt		31	16-46	
Fjöldi	S	6	47-52	Heildarfjöldi færslna í magnsendingu
Upphæð	S	15	53-67	Heildarupphæð færslna í magnsendingu
autt		39	68-106	



2.3.4 Endursendir strengir

Þegar verið er að stofna kröfu þá geta verið eftirfarandi færslugerðir í endursendum strengjum eða:

- P Kröfur sem á að prenta (hjá kröfuhafa)
- Q Kröfur sem ekki á að prenta, skrá þarf SKULDFÆRT á greiðsluseðilinn. (kröfur í beingreiðslu)
- V Villufærslur.

Í sömu sendingu geta verið P, Q, P eða V færslur.

Þegar verið er að breyta kröfu þá geta verið eftirfarandi færslugerðir í endursendum strengjum eða:

- P Kröfur sem verið er að breyta.
- V Breytingarfærsla sem er röng.

Þegar verið er að eyða kröfu þá geta verið eftirfarandi færslugerðir í endursendum strengjum eða:

- P Kröfur sem verið er að eyða.
- V Niðurfellingarfærsla sem er röng.

Þegar verið er að merkja kröfur í milliinnheimtu þá geta verið eftirfarandi færslugerðir í endursendum strengjum eða:

- B Kröfur sem verið er að innheimtumerkja, uppfærsla gekk í RB.
- V Breytingarfærsla sem er röng.

Í framtíðinni gætu bæst við fleiri færslugerðir v/endursendra strengja.



Endursendur strengur lítur svona út:

Heiti	Lengd	Staður	Lýsing
Kt_kröfuhafa	10	1-10	Kennitala kröfuhafa (fyrirtækis)
Utgafa/	4	11-14	0140
Færslugerd	1	15	P, Q eða V
Gjalddagi	8	16-23	Gjalddagi kröfu á forminu öðráámmdd
Niðurfellingardagur	8	24-31	Dagsetning niðurfellingar á forminu öðráámmdd
Kröfusnið	3	32-34	Segir til um hvaða ráðstöfunarreikning kröfuhafa kerfið á að nota
Kt_greiðanda	10	35-44	Kennitala greiðanda
Bankanr	4	45-48	Bankanúmer kröfu
Höfudbok	2	49-50	Höfuðbók kröfu = 66
Númer	6	51-56	Númer kröfu
Upphaed	11	57-67	Upphæð kröfu í aukum
Tilvisun	16	68-83	Tilvísun ákveðin af kröfueiganda
Sedilnumer	7	84-90	Geymir upplýsingar frá kröfuhafa. Verður að vera útfyllt ef höfuðbók er 26.
Viðskiptanumer	16	91-106	Viðskiptanúmer greiðanda. Einkvæmur lykill á greiðanda kröfunnar hjá kröfuhafa
Eindagi	8	107-114	Eindagi kröfu á forminu öðráámmdd
Tilkynningar- og greiðslugjald1	11	115-125	Gjald fyrir útreikning og útskrift greiðsluseðils ásamt sendingu hans til greiðanda
Tilkynningar- og greiðslugjald2	11	126-136	Gjald fyrir pappírslausa kröfu
Fyrri vanskilagjald	11	137-147	Viðbótargjald vegna vanskila tekið af kröfum þegar vanskil hafa náð tilteknum aldri
Seinna vanskilagjald	11	148-158	Viðbótargjald vegna vanskila tekið af kröfum þegar vanskil hafa náð tilteknum aldri
Dagafjöldi fyrri vanskilagjalds	2	159-160	Segir til um hvenær taka á fyrri vanskilagjald
Dagafjöldi seinna vanskilagjalds	2	161-162	Segir til um hvenær taka á seinna vanskilagjald
Vanskilagjaldskódi	1	163	Segir til um hvernig reikna á vanskilagjald
Annar kostnaður	11	164-174	Fyrir sérákvörðuð gjöld sem greidd eru af greiðanda kröfu
Annar vanskilakostnaður	11	175-185	Fyrir sérákvörðuð gjöld, t.d. milliinnheimtugjald
Dráttarvaxtaþrósent	7	186-192	Sett inn með stofnfærslu og geymist á stofni kröfu
Dráttarvaxtaregla	1	193	Segir til um hvort reikna á dráttarvexti
Dráttarvaxtastofnskódi	1	194	Segir til um af hvaða upphæð reikna á dráttarvexti
Gengistegund	1	195	Segir til um hvaða gengi á að nota
Mynt	3	196-198	Mynt IK gengiskröfu



Gengisbanki	2	199-200	Fyrstu tveir stafirnir í gengisbanka
Gengiskódi	1	201	Segir til um hvaða dagsgengi á að miða við þegar greiðsla á IK gengiskröfu er reiknuð út
Autt			
Greiðslukódi	1	203	Má greiða IK kröfur sem á eldri gjalddaga
Fyrri afsláttur	11	204-214	Fyrri afsláttur af greiðslu
Seinni afsláttur	11	215-225	Seinni afsláttur af greiðslu
Dagafjöldi fyrri afsláttar	2	226-227	Segir til um hvenær fyrri afsláttur er veittur
Dagafjöldi seinni afsláttar	2	228-229	Segir til um hvenær seinni afsláttur er veittur
Afsláttarkódi	1	230	Segir til um hvernig reikna á afslátt
Innborgunarkódi	1	231	Segir til um hvort greiða megi inn á kröfu
Birtingarkódi	1	232	Segir til í hvaða Birtingarkerfi krafa er
URL	200	233-432	Vefslóð kröfunnar
TEXTI	8	433-440	'RB-VILLA', allatf sami textinn
Villunúmer	5	441-445	Númer villu
Villutexti	67	446-512	Útskýring á villu


Strengur fyrir endursendar færslur með færslugerð P, Q, Þ, B eða E er eins og villufærslurnar nema síðustu 3 svæðin eru ekki með.

Athuga skal að í tilfellum allra strengja geta bæst við fleiri færslugerðir.

2.3.5 Greiðslur

Upplýsingar um greiðslur eru sendar kröfuhöfum á eftirfarandi strengjaformi:

Heiti	Lengd	Staður	Lýsing
Bankanr	4	1-4	Bankanúmer kröfu
Hofudbok	2	5-6	Höfuðbók kröfu = 66
Númer	6	7-12	Númer kröfu
Gjalddagi	8	13-20	Gjalddagi kröfu á forminu öðráámmdd
Færslugerð	1	21	G eða I
Kt_kröfuhafa	10	22-31	Kennitala kröfuhafa (fyrirtækis)
Kt_greiðanda	10	32-41	Kennitala greiðanda
Viðskiptanúmer	16	42-57	Viðskiptanúmer greiðanda. Einkvæmur lykill á greiðanda kröfunnar hjá kröfuhafa
Upphaed	11	58-68	Upphafleg upphæð kröfu í krónum
Eindagi	8	69-76	Eindagi kröfu á forminu öðráámmdd





Birtingarkódi	1	241	Segir til í hvaða Birtingarkerfi krafa er
Vaxtadagsetning	8	242-249	Vaxtadagsetning greiðslu á forminu öðráámmdd
Innborgunardagur	8	250-257	Dagsetning innborgunar á forminu öðráámmdd
Innborgunarypphæð	11	258-268	Upphæð innborgunar
Dráttarvextir	11	269-279	Greiddir dráttarvextir
Greidd upphæð	11	280-290	Upphæð til greiðslu
Skatta upphæð	11	291-301	Afdreginn fjármagnstekjuskattur
Afsláttur	11	302-312	Veittur afsláttur
Tilkynningagjald	11	313-323	Greitt tilkynningargjald
Vanskilagjald	11	324-334	Greitt vanskilagjald
Annar vanskilakostnaður2	11	335-345	Greiddur annar vanskilakostnaður
Annar kostnaður2	11	346-356	Greiddur annar kostnaður
Tilkynningargjald ógr.	11	357-367	Ógreitt tilkynningargjald
BNUM	4	368-371	Bunkanúmer

2.3.6 Ógreiddar kröfur IK 1.40- færslulýsing

Íslandsbanki býður upp á að sækja skeyti yfir ógreiddar kröfur. Ekki er til sameignlegt skráarformat fyrir þessa gerð af skeytum, en Íslandsbanki nýtir sér sama skeytaform og er notað fyrir lista yfir greiddar kröfur með eftirfarandi breytingum:

- Innlausnarbanki er tómur
- Hreyfingardagur er tómur
- Vaxtadagsetning er tóm
- Innborgunardagur er tómur
- Innborgunarypphæð er tóm
- Dráttavextir er upphæð dráttavaxta til greiðslu í dag
- Greidd upphæð er staða kröfunnar í dag. Þ.e. sú upphæð sem er til greiðslu með öllum vöxtum og gjöldum álögðum.
- Skatta upphæð er tóm
- Tilkynningagjald er tomt
- Vanskilagjald er vanskilagjald til greiðslu í dag
- Annar vanskilakostnaður2 er annar vanskilakostnaður til greiðslu í dag
- Annar kostnaður2 er annar kostnaður til greiðslu í dag
- BNUM er tomt



Taflan að neðan sýnir færslulýsinguna. Taflan byggir á sömu færslulýsingu og notuð er í greiðslurnar. Svæði lituð í rauðu er þau svæði sem hafa breytta merkingu.

Heiti	Lengd	Staður	Lýsing
Bankanr	4	1-4	Bankanúmer kröfu
Höfudbok	2	5-6	Höfuðbók kröfu = 66
Númer	6	7-12	Númer kröfu
Gjaldldagi	8	13-20	Gjaldldagi kröfu á forminu öðráámmdd
Færslugerd	1	21	0 fyrir ógreiddar kröfur
Kt_kröfuhafa	10	22-31	Kennitala kröfuhafa (fyrirtækis)
Kt_greiðanda	10	32-41	Kennitala greiðanda
Viðskiptanúmer	16	42-57	Viðskiptanúmer greiðanda. Einkvæmur lykill á greiðanda kröfunnar hjá kröfuhafa
Upphaed	11	58-68	Upphafleg upphæð kröfu í krónum
Eindagi	8	69-76	Eindagi kröfu á forminu öðráámmdd
Kröfusnið	3	77-79	Segir til um hvaða ráðstöfunarreikning kröfuhafa kerfið á að nota
Tilvisun	16	80-95	Tilvísun ákveðin af kröfueiganda
Niðurfellingardagur	8	96-103	Dagsetning niðurfellingar á forminu öðráámmdd
Textalykill	2	104-105	Textalykill kröfuhafa, skýring á greiðslu
Sedilnúmer	7	118-124	Geymir upplýsingar frá kröfuhafa. Verður að vera útfyllt ef höfuðbók er 26.
Vanskilagjaldskódi	1	125	Segir til um hvernig reikna á vanskilagjald
Fyrri vanskilagjald	11	126-136	Viðbótargjald vegna vanskila tekið af kröfum þegar vanskil hafa náð tilteknum aldri
Seinna vanskilagjald	11	137-147	Viðbótargjald vegna vanskila tekið af kröfum þegar vanskil hafa náð tilteknum aldri
Dagafjöldi fyrri vanskilagjalds	2	148-149	Segir til um hvenær taka á fyrri vanskilagjald
Dagafjöldi seinna vanskilagjalds	2	150-151	Segir til um hvenær taka á seinna vanskilagjald
Afsláttarkódi	1	152	Segir til um hvernig reikna á afslátt
Fyrri afsláttur	11	153-163	Fyrri afsláttur af greiðslu
Seinni afsláttur	11	164-174	Seinni afsláttur af greiðslu
Dagafjöldi fyrri afsláttar	2	175-176	Segir til um hvenær fyrri afsláttur er veittur
Dagafjöldi seinni afsláttar	2	177-178	Segir til um hvenær seinni afsláttur er veittur
Tilkynningar- og greiðslugjald1	11	179-189	Gjald fyrir útreikning og útskrift greiðsluseðils ásamt sendingu hans til greiðanda
Tilkynningar- og greiðslugjald2	11	190-200	Gjald fyrir pappírslausa kröfu



Annar vanskilakostnaður	11	201-211	Fyrir sérákvörðuð gjöld, t.d. milliinnheimtugjald
Annar kostnaður	11	212-222	Fyrir sérákvörðuð gjöld sem greidd eru af greiðanda kröfu
Innborgunarkódi	1	223	Segir til um hvort greiða megi inn á kröfu
Greiðslukódi	1	224	Má greiða IK kröfur sem á eldri gjalddaga
Dráttarvaxtafnskódi	1	225	Segir til um af hvaða upphæð reikna á dráttarvexti
Dráttarvaxtaregla	1	226	Segir til um hvort reikna á dráttarvexti
Dráttarvaxtaþrósent	7	227-233	Sett inn með stofnfærslu og geymist á stofni kröfu. Sjó stafir þar af 4 aukastafir.
Gengistegund	1	234	Segir til um hvaða gengi á að nota
Mynt	3	235-237	Mynt IK gengiskröfu
Gengisbanki	2	238-239	Fyrstu tveir stafirnir í gengisbanka
Gengiskódi	1	240	Segir til um hvaða dagsgengi á að miða við þegar greiðsla á IK gengiskröfu er reiknuð út
Birtingarkódi	1	241	Segir til í hvaða Birtingarkerfi krafa er
Dráttarvextir	11	269-279	Dráttarvextir til greiðslu í dag
Greidd upphæð	11	280-290	Upphæð til greiðslu í dag. Þ.e. heildar upphæð með öllum vöxtum og gjöldum álögðum.
Afsláttur	11	302-312	Veittur afsláttur
Vanskilagjald	11	324-334	Vanskilagjald til greiðslu
Annar vanskilakostnaður2	11	335-345	Annar vanskilakostnaður til greiðslu
Annar kostnaður2	11	346-356	Annar kostnaður til greiðslu
Tilkynningargjald ógr.	11	357-367	Ógreitt tilkynningargjald

3. Hugtakalisti

Í þessum kafla er hægt að nálgast nánari útskýringar á ýmsum hugtökum sem notuð eru í innheimtubjónustu bankans.

Afsláttarkódi

Kódi sem segir til um við hvaða dagsetningu á að miða þegar afsláttur er veittur.

Kódi	Skýring
''	Enginn afsláttur veittur
1	Gjalddagi er viðmiðunardagur, afsláttur er upphæð
2	Gjalddagi er viðmiðunardagur, afsláttur er prósent
3	Eindagi er viðmiðunardagur, afsláttur er upphæð



4	Eindagi er viðmiðunardagur, afsláttur er prósentu
5	Gjalddagi er viðmiðunardagur, afsláttur er upphæð
6	Gjalddagi er viðmiðunardagur, afsláttur er prósentu
7	Eindagi er viðmiðunardagur, afsláttur er upphæð og veittur eftir eindaga
8	Eindagi er viðmiðunardagur, afsláttur er prósentu og veittur eftir eindaga

Ef notuð er prósentu má hún ekki vera hærri en 99,99% og reiknast af upphæð kröfu. Sama regla gildir um fyrri og seinni afslátt, þ.e. ekki er hægt að hafa prósentu af upphæð kröfu á fyrri afslætti og upphæð á seinni.

Ath 10% í inntaki er skrifað 1000, þ.e. tveir aukastafir.

Afsláttur

Hægt er að setja á stofn kröfu tvö upphæða- eða prósentusvæði, fyrri og seinni afsláttur, sem notuð eru til að lækka greiðslu ef greitt er fyrir ákveðinn dag, sjá **afsláttarkóða**. Sé annaðhvort fyrri eða seinni afsláttur fylltur út, þarf dagafjöldi þess afsláttar sem fylltur er út að fylgja með.

Afsláttargjald

Afsláttarfjárhæðin sem hægt er að veita fer eftir fjölda daga og þeirri afsláttarupphæð sem skilgreind hefur verið. Hægt er að sjá dæmi í töflu hér fyrir neðan varðandi skráningu þegar afsláttarkódi er gjalddagi eða þegar eindagi er viðmiðunardagur eða afsláttur er upphæð.

fyrri_dag	seinni_dag	fyrri_upph	seinni_upph	Athugasemd
10	00	500,00		500,00 kr. afsláttur er veittur ef greitt er 10 dögum fyrir gjalddaga eða eindaga
10	5	1000,00	500,00	1000,00 kr. afsláttur er veittur ef greitt er 10 dögum fyrir gjalddaga eða eindaga, 500,00 kr. afsláttur er veittur ef greitt er 5 dögum fyrir gjalddaga eða eindaga.
00	00	500,00		500,00 kr. afsláttur er veittur ef greitt er á gjalddaga eða eindaga

Ath fyrri dagafjöldi má ekki vera minni en seinni dagafjöldi og dagafjöldi er reiknaður út frá 360/360 daga reglunni.

Annar vanskilakostnaður

Fyrir sérákvörðuð gjöld, t.d. milliinnheimtugjald, sem greidd eru af greiðanda kröfu. Annar vanskilakostnaður er geymdur á stofni kröfu og reiknast dráttarvextir ekki af þessum kostnaði.



Annar kostnaður

Fyrir sérákvörðuð gjöld sem greidd eru af greiðanda kröfu. Annar kostnaður er geymdur á stofni kröfu og reiknast dráttarvextir ekki af þessum kostnaði.

Banki

Viðskiptabanki kröfuhafa (útibú).

Bankastofnun

Allir afgreiðslustaðir (útibú) banka eða sparisjóðs.

Dæmi: 01**, 03**, 05** eða 11**.

Beingreiðslukrafa

Krafa sem kröfugreiðandi hefur falið banka að greiða út af tilteknum skuldfærslureikningi. Gerður er skriflegur samningur um beingreiðslu nema greiðandi stofni hana sjálfur inn í eigin Netbanka.

Í dag eru beingreiðslur vistaðar hjá bönkum og í GR kerfi.

Beingreiðslubeiðni

Samningur milli eiganda skuldfærslureiknings og banka um sjálfvirka skuldfærslu krafna.

Beingreiðslusamningur

Samningur kröfuhafa við banka um að taka á móti beingreiðslukröfum til skuldfærslu í öllum bönkum.

Birtingakódi

Kódi sem getur verið tölu- eða bókstafir. Segir til um hvaða birtingakerfi krafan tilheyrir. Fyrir birtingakerfi RB er birtingakódi = '1' eða 'A'. Textasvæði þarf að innihalda seinni hluta URLsins á kröfuna í því birtingakerfi sem hún tilheyrir.

Ark birtingakerfi RB

Birting á rafrænum skjölum í netbanka

Bókunardagur

Bókunardagur greiðslu. Átta stafa svæði sem geymir dagsetningu bókunar greiðslu. Dagsetning er á forminu ööáámmdd. Upplýsingar settar í svæðið við greiðslu.



Dagafjöldi fyrri afsláttar

Tölulegt svæði, 1 - 98, sem segir til um hvenær, fyrir dagsetningu í afsláttarkóða, fyrri afsláttur fæst. Ef svæðið er tomt á ekki að veita fyrri afslátt.

Dæmi:

Gjalddagi	Greiðsludagur	Dagafjöldi fyrri afsláttar	Fyrri afsláttur
04.01.2024	29.12.2025	5	já
04.01.2024	30.12.2025	5	nei
05.01.2024	31.12.2025	5	já
05.01.2024	01.01.2025	5	nei
06.01.2024	01.01.2025	5	já
06.01.2024	02.01.2025	5	nei
10.01.2024	05.01.2025	5	já
10.01.2024	06.01.2025	5	nei

Dagafjöldi er reiknaður út frá 360/360 daga reglunni.

Dagafjöldi seinni afsláttar

Tölulegt svæði, 1 - 98, sem segir til um hvenær, fyrir dagsetningu í afsláttarkóða, seinni afsláttur fæst. Ef svæðið er tomt á ekki að veita seinni afslátt.

Dæmi:

Gjalddagi	Greiðsludagur	Dagafjöldi seinni afsláttar	Seinni afsláttur
04.01.2024	29.12.2025	5	já
04.01.2024	30.12.2025	5	nei
05.01.2024	31.12.2025	5	já
05.01.2024	01.01.2025	5	nei
06.01.2024	01.01.2025	5	já
06.01.2024	02.01.2025	5	nei
10.01.2024	05.01.2025	5	já
10.01.2024	06.01.2025	5	nei

Dagafjöldi er reiknaður út frá 360/360 daga reglunni.



Dagafjöldi fyrra vanskilagjalds

Tölulegt svæði, 1 - 98, sem segir til um hvenær, eftir dagsetningu í vanskilagjaldskóða, taka á fyrra vanskilagjald. Ef svæðið er tómt á ekki að taka fyrra vanskilagjald.

Dæmi:

Gjalddagi	Greiðsludagur	Dagafjöldi fyrra vanskilagjalds	Fyrra vanskilagjald
31.12.2024	04.01.2025	5	nei
31.12.2024	05.01.2025	5	já
01.01.2024	05.01.2025	5	nei
01.01.2024	06.01.2025	5	já

Til að finna út hvenær á að taka vanskilagjald er dagafjöldinn lagður við gjalddaga eða eindaga,

Dæmi:

Gjalddagi er 01.01.2025, vanskilagjaldskódi er 1 og dagafjöldi er 5 og er þá vanskilagjald tekið ef greitt er 06.01.2025 eða seinna.

Athugið að ef dagafjöldinn fyrra vanskilagjalds er 00 og fyrra vanskilagjald er stærra en 0 er vanskilagjald tekið á gjalddaga eða eindaga, fer eftir vanskilagjaldskóða.

Dagafjöldi er reiknaður út frá 360/360 daga reglunni.

Dagafjöldi seinna vanskilagjalds

Tölulegt svæði, 1 - 98, sem segir til um hvenær, eftir dagsetningu í vanskilagjaldskóða, taka á seinna vanskilagjald. Ef svæðið er tómt á ekki að taka seinna vanskilagjald.

Dæmi:

Gjalddagi	Greiðsludagur	Dagafjöldi seinna vanskilagjalds	Seinna vanskilagjald
31.12.2024	04.01.2025	5	nei
31.12.2024	05.01.2025	5	já
01.01.2024	05.01.2025	5	nei
01.01.2024	06.01.2025	5	já

Til að finna út hvenær á að taka vanskilagjald er dagafjöldinn lagður við gjalddaga eða eindaga,

Dæmi:

Gjalddagi er 01.01.2025, vanskilagjaldskódi er 1 og dagafjöldi er 5 og er þá vanskilagjald tekið ef greitt er 06.01.2025 eða seinna.



Athugið að ef dagafjöldinn seinna vanskilagjald er 00, seinna vanskilagjald er stærra en 0 og ekki á að taka fyrri vanskilagjald er vanskilagjald tekið á gjalddaga eða eindaga, fer eftir vanskilagjaldskóða.

Dagafjöldi er reiknaður út frá 360/360 daga reglunni.

Dagsetningar

Allar dagsetningar eru geymdar á forminu ÖÖÁMMDD.

Dráttarvaxtaþrósentu

Sett inn með stofnfærslu og geymist á stofni kröfu. Þegar eindagi kröfu er liðinn þá eru dráttarvextir kröfu reiknaðir eftir þessari einu dráttarvaxtaþrósentu en ekki miðað við dráttarvaxtatímabil eins og þegar dráttarvextir Seðlabankans eru notaðir.

Ef **dráttarvaxtaþrósentu** er ekki sett á stofn kröfu, reiknast þrósentu dráttarvaxta út frá ársvaxtaþrósentu dráttarvaxta sem Seðlabankinn gefur út og vaxtavaxtast á 12 mánaða fresti, þ.e. dráttarvextir leggjast við höfuðstól. Ársvaxtaþrósentur dráttarvaxta ásamt gildistökdagsetningum eru geymdar í bankatöflum RB. Tekið er tillit til breytinga á dráttarvöxtum sem verða á dráttarvaxtatímabili ef dráttarvextir Seðlabankans eru notaðir.

Dráttarvaxtaþrósentu í inntaki er 7 stafir þar af 4 aukastafir.

Dráttarvaxtaregla

Segir til um hvort dráttarvextir eru reiknaðir.

Dráttarvaxtaregla	Dagafjöldi útreiknings	Viðmiðurnar-dagur útreiknings	Má greiða næsta bankadag	Skýring
eyða	360/360	gjaldagi	já	Allar kröfur sem greiðast á eindaga eða fyrr eru án dráttarvaxta Viðmiðunartími útreiknings er alltaf frá kl 24:00 - 24:00 Krafan er alltaf reiknuð út frá þeim degi sem greiðslan er framkvæmd óháð frídögum og dagslokum
1	-	-	-	Engir dráttarvextir reiknast
2	360/360	eindagi	nei	Dráttarvextir reiknast frá og með gjalddaga ef greiðsla greiðist eftir eindaga. Viðmiðunartími útreiknings er alltaf frá kl 24:00 - 24:00 Eindagi er síðasti dagur sem greiða má kröfu án dráttarvaxta og vanskilagjalda. Gjalddagi og eindagi þurfa ekki að vera sömu dagar.



3		gjaldagi	nei	1% dráttarvextir reiknast á dag. - ríkiskröfur.
4	raun/360	gjaldagi	nei	Dráttarvextir reiknast frá og með eindaga, en eru reiknaðir út frá gjaldaga. Ef eindagi er á lokuðum bankadegi og greitt er fyrir kl. 21:00 síðasta bankadag eru engir dráttarvextir reiknaðir, en eftir það eru þeir reiknaðir. Dráttarvextir eru reiknaðir eins og greitt sé næsta bankadag. Gjaldagi og eindagi þurfa ekki að vera sömu dagar.
5	raun/360	gjaldagi	já	Eins og dráttarvaxtaregla eyða nema dagafjöldi útreiknings er raun/360.
6	raun/360	eindagi	nei	Eins og dráttarvaxtaregla '2' nema dagafjöldi útreiknings er raun/360.
7	360/360	gjaldagi	já	Eins og dráttarvaxtaregla '2' nema dagafjöldi útreiknings er raun/360.
8	360/360	gjaldagi	já	Dráttarvextir reiknast frá og með eindaga, en eru reiknaðir út frá gjaldaga. Ef eindagi og gjaldagi er sami dagur og á lokuðum bankadegi þá er hægt að greiða kröfuna án dráttarvaxta fyrir kl. 21:00 næsta bankadag. Ef eindagi og gjaldagi er ekki sami dagur og eindagi er á lokuðum bankadegi þá þarf að greiða kröfuna fyrir kl. 21:00 síðasta opna bankadag án dráttarvaxta.
9	raun/360	gjaldagi	já	Eins og dráttarvaxtaregla '8' nema dagafjöldi útreiknings er raun/360.

Viðmiðunartími útreiknings er alltaf frá kl. 21:00 - 21:00 fyrir dráttarvaxtareglur 2, 4, 6, 7, 8 og 9.

Viðmiðunartími útreiknings er alltaf frá kl. 24:00 - 24:00 fyrir dráttarvaxtareglur eyða og 5.



Dráttarvaxtastofn

Sú upphæð sem dráttarvextir reiknast af. Sjá **dráttarvaxtastofnkóða**.

Dráttarvaxtastofnkóði

Stjórnar hvort dráttarvextir reiknast af 'upphæð kröfu' eða 'upphæð kröfu + vanskilagjald' eða:

' ' Dráttarvextir reiknast af 'upphæð kröfu'.

'1' Dráttarvextir reiknast af 'upphæð kröfu + fyrra/seinna vanskilagjald'.

Dráttarvextir

Á kröfuskra geymir þetta svæði ógreidda dráttarvexti. Þ.e.a.s. ef dráttarvextir á Kröfuskra eru stærri en núll þá hefur verið greitt inn á kröfuna og innborgunin ekki verið næg til að greiða útreiknaða dráttarvexti. Ef dráttarvextir á Kröfuskra eru núll og innborgunardagur er ekki núll þá hefur innborgun verið nógu há til að greiða upp áunna dráttarvexti.

Eftirstöðvakrafa

Eftirstöðvakrafa er krafa sem ríkið stofnar og getur verið gömul krafa ríkisins eða krafa þar sem vantað hefur upp á að greidd hafi verið til fulls.

Eftirstöðvar kröfu

Eftirstöðvar kröfu eru upphafleg upphæð (höfuðstóll) – samtals innborgað á höfuðstól kröfu.

Eindagi

Eindagi er síðasti dagur sem greiða má kröfu án dráttarvaxta, undantekningar eru ef eindagi er á lokuðum bankadegi, sjá dráttarvaxtareglur.

Fjármagnstekjuskattur

Skattur sem tekinn er af dráttarvöxtum og vanskilagjaldi.

Forskráðar upplýsingar

Ef sendar eru inn stofnanir á kröfum í magnsendingu þarf að skrá gildi í öll svæði. Hægt er að forskrá upplýsingar á stofn kröfuhafans sem svo eru notaðar ef verið er að handskrá kröfurnar af starfsfólki Íslandsbanka.



Færslugerð á Kröfuskrá

Leyfilegar færslugerðir í inntaki eru:

- B Breyting krafna á Kröfuskrá
- C Stofnun endurgreiðslukröfu á Kröfuskrá.
- E Niðurfelling á Kröfuskrá.
- H Hausfærsla.
- K Stofnun krafna á Kröfuskrá.
- L Lokafærsla.
- I Krafa send í milliinnheimtu

Leyfilegar færslugerðir í endursendum strengjum eru:

- B Breyting krafna á Kröfuskrá.
- C Réttar endurgreiðslukröfur.
- D Greidd endurgreiðslukrafa. Við greiðslu á endurgreiðslukröfu er D sett í svæðið færslugerð á Söguskrá kröfu.
- E Niðurfelling á kröfuskrá.
- G Greiðsla. Við greiðslu á kröfu er 'G' sett í svæðið færslugerð á Söguskrá kröfu.
- I Innborgun. Við innborgun á kröfu er 'I' sett í svæðið færslugerð á Söguskrá kröfu.
- P Stofnun kröfu er rétt, fyrirtæki á að prenta út greiðsluseðil.
- Q Stofnun kröfu er rétt, viðkomandi greiðandi á beingreiðslubeiðni og ekki þarf að prenta út greiðsluseðil.
- V Villa í innsendum streng.
- N Niðurfelling á valgreiðslukröfu.
- M Villa í innsendum streng fyrir endurgreiðslukröfur.
- Þ Stofnun kröfu er rétt og greiðandi er netbankakúnni, ekki á að prenta kröfu.

Gengisbanki

Fyrstu tveir stafirnir í gengisbanka eða 05 fyrir Íslandsbanka

Gengiskódi

Segir til um við hvaða dagsgengi á að miða þegar krafa er greidd og hvaða dráttarvaxtatöflur skal nota við útreikning dráttarvaxta.



- N** Greiðsludagsgengi segir að miðað skuli við gildandi kröfugengi þegar krafa er greidd.
Dráttarvextir reiknast skv. dráttarvaxtarprósentu kröfumyntar á íslenska upphæð kröfunnar eftir umreikning kröfuupphæðar skv. gildandi gengi kröfumyntar.
- G** Greiðsludagsgengi sem vinnur þannig að ekki er hægt að greiða gengiskröfu fyrr en á gjalddaga. Að öðru leiti vinnur gengiskóðinn eins og gengiskóði N

Gengiskrafa

Gengiskrafa er krafa sem bundin er erlendri mynt og reiknast upp við greiðslu hjá gjaldkera miðað við það gengi sem er í gildi á annað hvort á greiðsludegi eða gjalddaga, sjá gengiskóða. Við greiðslu er krafan uppreiknuð og til þess eru notaðar upplýsingar í svæðunum mynt, gengistegund, gengiskóði og gengisbanki. Upphæð kröfunnar er greidd í íslenskri mynt.

Á stofni kröfu þurfa eftirfarandi svæði að vera útfyllt:

Gengisbanki
Gengiskóði
Gengistegund
Mynt

Ekki er hægt að veita afslátt af gengiskröfum. Dráttarvextir reiknast skv. hæstu lögleyfðu dráttarvaxtarprósentu kröfumyntar hverju sinni eða dráttarvaxtarprósentu sem á kröfunni er. Ef upphæð gengiskröfu er ráðstafað inn á innlendan gjaldeyrisreikning er ekki hægt að greiða inn á kröfuna og vanskilagjöldum og öðrum kostnaði þarf að ráðstafa inn á tékkareikning eða sparisjóðsreikning. Þessar kröfur er ekki hægt að stofna með gjalddagagengi.

Gengistegund

Almenn tafla viðkomandi stofnunar/banka.

Gjalddagi

Ef gjalddagi og eindagi eru sami dagur þá er hann síðasti greiðsludagur kröfu án dráttarvaxta. Ef gjalddagi og eindagi eru ekki sami dagur þá er eindagi síðasti dagur sem hægt er að greiða kröfuna án dráttarvaxta, sjá nánar dráttarvaxtareglur.

Greiðslukóði – má greiða

Kóði sem segir til um hvort megi greiða kröfu sem á ógreidda eldri gjalddaga. Þetta á aðeins við um þær kröfur sem verið er að nota sömu kröfunúmer á greiðendum á milli gjalddaga.

Kóði	Skýring
""	Greiða þarf kröfur með sama númeri í gjalldagaröð, þá elstu fyrst



'1'	Greiða má kröfu þó svo til sé önnu rkrafa með sama númeri sem á ógreiddan eldri gjalddaga
-----	---

Athugið að svæðin banki, höfuðbók, númer og kennitala **greiðanda** verða að vera eins þegar greiða á kröfur í gjalddagaröð.

Greiðsluseðill

1. Ekki á að prenta út greiðsluseðla fyrir Q kröfur, færslugerð er Q í svarstreng við stofnun.
2. Ef greiðsluseðlar eru prentaðir út fyrir Q kröfur þá þarf að prenta textann **SKULDFÆRT** í upphæð.

Hreyfingardagur

Sá dagur sem uppfærsla á Kröfuskra er framkvæmd á.

Hreyfingartími

Sá tími sem uppfærsla á Kröfuskra er framkvæmd á.

Höfuðbók

Höfuðbók IK kröfu er 66.

Innborgunarröð

Ef krafa sem greitt er inn á er komin í vanskil er ráðstöfunarröð innborgunar eftirfarandi:

- Dráttarvextir
- Vanskilagjald
- Annar vanskilakostnaður
- Annar kostnaður
- Tilkynningar- og greiðslugjald
- Upphæð kröfu

Innborgunarkódi

Innborgunarkódi getur tekið eftirfarandi gildi:

Kódi	Skýring
' '	Greiða má inn á kröfu.
'1'	Ekki má greiða inn á kröfu.

Innborgunardagur

Er síðasti dagur innborgana á Kröfuskra en dagur innborgunar á Söguskra.



Innborgun á kröfu

Hægt er að nota innborgunarkóða til að stjórna því hvort megi greiða inn á kröfur eða ekki. Ekki er hægt að greiða inn á kröfur kröfuhafa ef aukaráðstöfunarreikningur er með VIRKNI = U, UPPHÆÐ. Ekki er hægt að greiða inn á gengiskröfu þar sem aukaráðstöfunarreikningur er með Tegund = ALLT. Ef greitt hefur verið inn á kröfu þá er hægt að breyta höfuðstól, UPPHAED með skilyrði um að hann verði ekki hærri en svæðið var fyrir og ekki lægri en greitt hefur verið inn á kröfuna, svæði INNB_UPPH.

Innborgunarupphæð - Innborgun

Innborgunarupphæð samtals upphæð innborgana á höfuðstól kröfu.

Innheimtuaðili

Kennitala þess aðila sem sér um að innheimta kröfu. Allar upplýsingar um kröfu eru sendar innheimtuaðila. Í flestum tilvikum er kröfuhafi innheimtuaðili. Bankar eru innheimtuaðilar húsfélaga.

Innlausnarbanki

Banki sem greiðir eða sendir kröfu.

ÍSB

Íslandsbanki

Íslensk táknatala myntar, sjá Mynt

Kennitala kröfugreiðanda

Sjá Kröfugreiðandi.

Kennitala kröfuhafa

Sjá Kröfuhafi.

Kennitala skuldfærslureiknings

Kennitala eiganda skuldfærslureiknings.

Keyrsludagur

Dagsetning í hausfærslu fyrir magnsendingar sem segir til um keyrsludag.



Krafa í íslenskri mynt

Krafa í íslenskri mynt þekkist á því að íslensk táknatala myntar er eyða eða 000, gengistegund, gengiskódi og fyrstu tveir stafir gengisbanka auðir.

Krafa í erlendra mynt > gengiskrafa

Gengiskrafa þekkist á því að mynt er stærri en 000, gengistegund og gengiskódi eru útfyllt og gengisbanki er **05**

	Krafa í íslenskum krónum	Gengiskrafa	Gengiskrafa
Gengisbanki	autt	00	05
Gengistegund	autt	L-F	A-S
Gengiskódi	autt	N	N-J
Mynt	Autt eða 000	>000	>000

Taflan sýnir hvaða svæði á að fylla út ef krafa er

- í íslenskum krónum
- gengiskrafa

Athugið af ef ráðstöfunarreikningur kröfuhafa er **fjölmyntareikningur** (höfuðbók 29) þá má gengistegund aðeins vera A og gengiskódi N

Kröfugerð

Upplýsingar um hvers konar kröfu er verið að stofna

''	Venjuleg krafa
'2' eða '02	Valgreiðslukrafa, verður að vera útfyllt af krafa á að vera valgreiðslukrafa
'4' eða '04'	Endurgreiðslukrafa, verður að vera útfyllt ef krafa á að vera endurgreiðslukrafa

Kröfugreiðandi

Greiðandi kröfu séð frá kröfuhafa.

Kröfuhafi

Kröfuhafi er eigandi kröfu.

Kröfupottur RB

Skrár sem geyma upplýsingar um allar ógreiddar kröfur eins og skuldabréf og kröfur.



Kröfuskrá

Kröfuskrá geymir upplýsingar um allar ógreiddar kröfur. Greiddar kröfur eru geymdar í 17 mánuði á Söguskrá Kröfu.

Kröfusnið

Með kröfu er skráð kröfusnið sem vísar á númer þess reiknings á kröfuhafaskrá sem greiðsla til kröfuhafa á að ráðstafast inná. Kröfusnið má vera bæði tölustafir og bókstafir. Kröfusniði er úthlutað af Íslandsbanka við skráningu kröfuhafa og er hægt að bæta við fleiri kröfusniðum eftir þörfum. Einnig er hægt að stofna, breyta og óvirkja kröfusnið í netbanka.

Létt krafa

Er krafa sem engin gjöld eru tekin af né dráttarvextir. Líftími hennar má ekki vera lengur en 6 mánuðir.

Magnsendingar

Magnsendingar kallast það þegar sendur er bunki af stofnunum, breytingum eða niðurfellingum. Sé hann sendur með FTP fer hann á biðröð og er unnið úr honum eftir því sem tími er til hverju sinni.

Milliinnheimtumerking

Ef færslugerð er send með I, þá merkist krafan þeim innheimtuaðila sem kröfuhafi hefur gert samning við. Það þarf að vera búið að skrá upplýsingar um milliinnheimtuaðila í kerfi bankans og er það gert af fyrirtækjaráðgjafa eða með því að senda beiðni [hér](#). Svar við I merkingu er samskonar og ef breytingarfærsla væri send inn (B).

Mynt

Mynt er notuð fyrir gengiskröfur til að vísa á hvaða gjaldmiðil nota á við útreikning á sölugengi kröfu. Mynt fyrir dollara er USD, danskar krónur DKK, evrur EUR og svo framvegis.

Niðurfellingardagur

Dagsetning sem segir til um hvenær skal fella kröfuna niður af Kröfuskrá. Dagsetningin verður að vera útfyllt í stofnfærslu. Niðurfellingardagur má ekki vera eldri en hreyfingardagur.

Hámarkslíftími kröfu skal vera 4 ár.

OCR rönd

Er forprentuð lína neðst á efri hluta greiðsluseðils. Þessi lína er mismunandi útfyllt eftir höfuðbókum eða:



Höfuðbók

66 kennitala kröfuhafa - 0+númer kröfu - 03 - bank höfuðbók - gjalddagi.

Ráðstöfunarreikningur

Ráðstöfunarreikningur er innlánsreikningur sem notaður er til að ráðstafa greiðslum. Kröfuhafi getur haft einn eða fleiri ráðstöfunarreikninga og getur hann valið hvað og hversu stór upphæð fer inn á hvern ráðstöfunarreikning.

Ráðstöfunarröð innborgana

Ef krafa er komin í vanskil og greitt er inná hana, er ráðstöfunarröð innborgunar eftirfarandi:

- Dráttarvextir
- Vanskilagjald
- Annar vanskilakostnaður
- Annar kostnaður
- Tilkynningar- og greiðslugjald
- Upphæð kröfu

Reiknisyfirlit greiðenda

Hægt er að velja hvað birtist á reikningsyfirliti greiðenda ef til eru upplýsingar um það á Kröfuhafaskrá. Ef Kröfuhafaskrá inniheldur upplýsingar um hvað á að birtast á reikningsyfirliti greiðenda er eftirfarandi mögulegt:

Langur texti á reikningsyfirliti greiðenda - 12 stafir

- A Fyrstu 12 stafir tilvísunarnúmers
 - B Fyrstu 12 stafir viðskiptanúmers
 - C Banki, höfuðbók og númer kröfu
 - D Kennitala greiðenda
 - E Gjalddagi
- Eyða Kennitala kröfuhafa

Reikningsyfirlit kröfuhafa

Hægt er að velja hvað birtist á reikningsyfirliti kröfuhafa ef til eru upplýsingar um það á Kröfuhafaskrá.

Ef Kröfuhafaskrá inniheldur upplýsingar um hvað á að birtast á reikningsyfirliti kröfuhafa er eftirfarandi mögulegt:

Langur texti á reikningsyfirlit - 12 stafir - texti_a_reikningsyfirlit

- A Fyrstu 12 stafir tilvísunarnúmers.
- B Fyrstu 12 stafir viðskiptanúmers.
- C Banki, höfuðbók og númer kröfu.
- D Kennitala greiðenda.
- E Gjalddagi.



Stuttur texti á reikningsyfirlit - 7 stafir -tilvisunarnr_a_reikningsyfirlit

- A 0 + gjalddagi.
- B Seðilnúmer.
- C Númer kröfu.
- D 6 + númer kröfu.
- E 2 + númer kröfu

Ef Kröfuhafaskrá inniheldur **EKKI** upplýsingar um hvað á að birtast á reikningsyfirliti eru eftirfarandi sett á reikningsyfirlit kröfuhafa eftir bönkum:

Stuttur texti á reikningsyfirlit - 7 stafir

- 0001 Seðilnúmer
- 01** Seðilnúmer
- 03** 0 + gjalddagi
- 05** 0 + gjalddagi
- 11** 0 + gjalddagi.

Langur texti á reikningsyfirlit - 12 stafir

- 0001 Tilvísunarnúmer
- 01** Tilvísunarnúmer
- 03** Viðskiptanúmer
- 05** Tilvísunarnúmer
- 11** Banki, höfuðbók og númer kröfu.

Seðilnúmer

Geymir upplýsingar varðandi kröfuhafa.

Sendingabanki

Bankinn sem sendir inn kröfuna.

Skuldfærslureikningur

Reikningur sem greitt er út af við sjálfvirka skuldfærslu (beingreiðslu) eða þegar sjálfvirk greiðsla fer út af reikningi vegna þjónustugjalda, eins og gjöld vegna innheimtupjónustu.

Síðasti greiðsludagur beingreiðslu

Mismunandi er milli banka hversu oft og lengi þeir reyna að greiða beingreiðslukröfur.



Söguskrá kröfu

Skráin geymir upplýsingar um allar færslur á Kröfuskra. Hreyfingadagur og tími er geymdur ásamt færslugerð, þ.a. hægt er að rekja feril breytinga kröfu. Greiddar og niðurfelldar kröfur eru geymdar á skránni í 17 mánuði.

Textalykill

Textalykill skýrir út tegund kröfu og er tengdur við kröfusnið, dæmi:

R0 - Rafmagn og hiti

R1 - Fasteignagjöld

R2 - Tryggingar

R3 - Húsgjöld

Textasvæði á Kröfuskra

Textasvæði sem má innihalda hvað sem er og fylgir kröfu. Ef krafa er tengd einhverju birtingakerfi er þetta seinni hluti vefslóðar (e.URL) hennar. Sjá lýsingu á Vefslóð (e.URL).

Tilkynningar- og greiðslugjald

Gjald fyrir útreikning og útskrift greiðsluseðils ásamt sendingu hans til greiðanda. Alltaf greitt af greiðanda bréfs og rennur til kröfuhafa.

Tvö inntakssvæði eru fyrir þetta gjald. Annað er fyrir pappírskröfur og hitt fyrir pappírslausar kröfur. Ef sleppa á gjaldinu eru svæðin auð í inntaksfærslu. Þetta gjald er greitt við hverja innborgun

Tilvísunarnúmer

Textasvæði sem má innihalda hvað sem er og er oft notað til að birta upplýsinga á reikningsyfirliti

Uppbygging viðskiptanúmers

Svæði sem segir til um hvernig uppbygging viðskiptanúmers er hjá kröfuhafa.

Svæðið er á kröfuhafaskrá og er 16 stafir og það má vera tölustafir, bókstafir og tákn.

Leyfileg gildi eru:

N	tala 0-9
C	A-Ö
A	A-Ö, 0-9
-	- er leyfilegt
X	tákn



8888888888	gild kennitala
9999999999	gild kennitala greiðanda
8888888888TT	gild kennitala og textalykill
9999999999TT	gild kennitala greiðanda og textalykill
Eyða	er gild aftast í viðskiptanúmeri, en má ekki koma inn á milli, ef allt svæðið er autt þá er viðskiptanúmer í stofnun kröfu ekki villuleitað.

Dæmi: viðskiptanúmer fyrir bifreiðagjöld er '8888888888ccnnn '.

Ef kröfuhafi á fleiri en einn ráðstöfunarreikning á Kröfuhafaskrá, þ.e. fleiri en eitt kröfusnið, verður uppbygging viðskiptanúmers að vera sama á banka, kennitölu kröfuhafa og textalykli.

Upphæð kröfu - Höfuðstóll

Upphafleg upphæð kröfu. Hægt að breyta höfuðstól þó svo að greitt hefur verið inn á kröfu.

Upphæð til greiðslu

Er það sem á að greiða hverju sinni. Búið að taka tillit til afsláttar og ýmissa gjalda.

Útgáfa

Svæðið útgáfa í hausfærslu á að innihalda útgáfunúmer gagnastrengsins sem verið er að nota. Útgáfa í gagnafærslum á að vera auð.

Valgreiðslukrafa

Valgreiðslukrafa er krafa sem viðkomandi greiðandi ræður hvort hann greiðir. Eins og t.d. söfnun, happdrætti og nemendamót. Greiðandi getur eytt kröfunni í netbanka eða appi ef hann óskar þess. Ekki er hægt að stofna valgreiðslukröfur á kennitölu sem er með bannmerki í Þjóðskrá.

Vanskil

Tiltekinn gjalddagi, og þar með krafan öll, er kominn í vanskil daginn eftir gjalddaga eða eindaga, fer eftir dráttarvxtareglu kröfunnar. Heildarvanskil kröfu eru samanlögð vanskil með dráttarvöxtum og vanskilakostnaði.

Vanskilagjald – fyrra og seinna

Viðbótargjald vegna vanskila sem tekið er af kröfum þegar vanskil hafa náð tilteknum aldri eða þegar dagafjöldi fyrra eða seinna vanskilagjalds og vanskilagjaldskódi segir til um.

Hægt er að taka aðeins fyrra vanskilagjald en þá er dagafjöldi seinna vanskilagjalds og seinna vanskilagjald autt, dagafjöldi fyrra vanskilagjalds útfylltur og vanskilagjaldskódi útfylltur.



Hægt er að taka aðeins seinna vanskilagjald en þá er dagafjöldi fyrra vanskilagjalds og fyrra vanskilagjald autt, dagafjöldi seinna vanskilagjalds útfylltur og vanskilagjaldskódi útfylltur.

Ef taka á bæði fyrra og seinna vanskilagjald skal fylla út dagafjölda fyrir bæði fyrra og seinna vanskilagjald, vanskilagjaldskóda og fylla út bæði vanskilagjaldssvæðin.

Dráttarvextir reiknast af vanskilagjaldi ef **dráttarvaxtastofnkódi** er 1.

Vaxtadagsetning

Lögleg dagsetning þess dags sem gildistökudagur eða vaxtadagsetning greiðslu miðast við, mest 10 almanaksdaga aftur í tímann. Ef dagsetningin er ekki tilgreind, auð, þá er miðað við hreyfingardag. Við greiðslu kröfu er vaxtadagsetning gildistökudagur dráttarvaxta.

Vefslóð (e.URL)

Vefslóð er textasvæði sem inniheldur vefslóð á kröfuna hjá einhverju birtingakerfi. Vefslóð fyrir kröfur í höfuðbók 66 er:

kennitalaKrofuHafa=5202692669&krofuNumer=52026926690111660080073050704&kennitala=6202697009&dags=05.07.2025

Þar sem **krofuNumer** er kennitala kröfuhafa, banki, höfuðbók, 0 + númer og gjalddagi á forminu ddmmáá, **dags** er gjalddagi á forminu dd.mm.ööáá.

Ef birtingakódi er '1', 'A' eða 'B' og vefslóðin er tóm, þá smíða vefbankarnir vefslóðina sjálfir.

Verkheiti

Tveggja stafa verkheiti er IK

Viðskiptanúmer

Einkvæmt númer greiðanda hjá kröfuhafa. Ef fyrirtæki notar ekki viðskiptanúmer á beingreiðslukröfur, þá er kennitala greiðanda notuð sem viðskiptanúmer.

Villuskrá inntaks

Geymir upplýsingar um allar stofnanir, breytingar og niðurfellingar sem ekki hafa gengið.